

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 26. nóvember 2014 kl. 9:00-11:00 í Nýja Garði

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Björn Þorsteinsson (HEIM), Rannveig Sverrisdóttir (MVS), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Benedikt Hjartarson (B&L) boðaði forföll. Félag doktorsnema á eftir að skipa nýjan fulltrúa.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Samþykkt einróma.

2. *Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar*: MGU kynnti tillögu að breytingum á reglum um ráðstefnustyrki ásamt tillögu um að færa umsóknafrest til 8. desember. Samþykkt einróma.

3. *Hugvísindaping 2015*: Stjórnin samþykkti milli funda að hafa ljós sem þema Hugvísindapings 2015 (í tilefni af alþjóðlegu ári ljóssins). Til umræðu var form þingsins og þingkall og ákveðið að hafa þingið með líku sniði og síðustu ár. Umræða spannst um “þing í þinginu”, þ.e. sjálfstæðar ráðstefnur sem hluta af dagskrá Hugvísindapings, og var almenn samstaða um að betra væri að hafa slíkar ráðstefnur sem tengd málþing (eða ráðstefnur) og ekki hluta af formlegri dagskrá Hugvísindapings.

4. *Fjármál 2015 – framlög til stofnana*: ESS kynnti áætlun um framlög til stofnana árið 2015. Hver stofnun fær yfirlit yfir styrki árið 2012 og 2013 sem áætlun byggir á til að staðfesta að rétt sé reiknað.

5. *Ritið – erindi frá ritstjórn*: ÁE kynnti. Ritstjórn *Ritsins* sendi stjórn Hugvísindastofnunar erindi þar sem hún gerir athugasemdir við afgreiðslu stjórnar vegna kvörtunar sem barst vorið 2014 (meðhöndluð á fundi 15. apríl 2014). Erindið var rætt á fundinum og samþykkt að stjórnarformaður lýsi bréfleidis yfir eindregnum stuðningi við ritstjórn og ritstjóra. BÞ og SAB viku af fundi við afgreiðslu (þar sem þau sitja í ritstjórn *Ritsins*). MGU gerði grein fyrir því að nú væri verið að hreinsa til á lager Háskólaútgáfunnar til að draga úr kostnaði og m.a. væri verið að gefa gömul hefti af *Ritinu*. Á Hugvísindapingi verður gert átak í að gefa *Ritið*.

4. *Önnur mál*: ÁE mun taka málefni doktorsnema til umræðu á næsta fundi. IE óskaði eftir því að málefni vísindanefndar HÍ og fagråd Hugvísindasviðs verði til umræðu á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 11:00